

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 562/2001, um samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr.:

a. 2. mgr. orðast svo:

Viðskiptaráðherra skipar samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila til fjögurra ára í senn eftir tilnefningum eftirlitsskyldra aðila. Í nefndinni eiga sæti þrír menn tilnefndir af Samtökum fjármála-fyrirtækja, einn tilnefndur af Landssamtökum lífeyrissjóða og einn maður tilnefndur sameiginlega af öðrum eftirlitsskyldum aðilum.

b. 3. mgr. fellur brott.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr.:

a. Í stað orðanna „15. september“ í 2. mgr. kemur: 1. júlí.

b. Í stað orðanna „15. ágúst“ í 3. mgr. kemur: 1. júní.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármála-starfsemi og 9. gr. laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og öðlast hún þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 7. janúar 2009.

Björgvin G. Sigurðsson.

Jónína S. Lárusdóttir.